

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 2017 í máli nr. E-896/2016:

Landsbankinn hf.

(Hannes Júlíus Hafstein hdl.)

gegn

A

(Gestur Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember 2017, var höfðað 12. mars 2016 af hálfu Landsbankans hf., Austurstræti 11 í Reykjavík vegna Landsbankans hf., Keflavík, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ, á hendur A, [...].

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.617.626 krónur ásamt 12,45% yfirdráttarvöxtum, frá lokunardegi reiknings 31. júlí 2012 til 17. september 2012 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 2.617.626 krónum frá 17. september 2012 til greiðsludags, að frádreginni innborgun á 282.877 krónum þann 1. nóvember 2013, sem dragist frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi og sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls. Þá er krafist málskostnaðar, auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, að mati dómsins, sem taki tillit til innheimtukostnaðar fyrir löginnheimtu.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær að stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda eða lækkunar kröfu hans. Þá krefst hann málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti af lögmannsþjónustu.

Í greinargerð krafðist stefndi þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi. Fallist var á þá kröfu og var málinu vísað frá héraðsdómi með úrskurði 7. september 2016. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands og lagði þar fram ný gögn. Hæstiréttur felldi úrskurð um frávísun úr gildi 11. október 2016 með dómi í máli réttarins nr. 657/2016. Endurupptökunefnd hafnaði kröfu stefnda um endurupptöku málsins fyrir Hæstarétti með úrskurði 14. desember 2016 í máli sínu nr. 10/2016.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Óumdeilt er að stefndi var viðskiptamaður Sparisjóðsins í Keflavík og stofnaði þar reikning nr. 1784 á árinu 1993. Stefnandi kveðst hafa notað reikninginn frá árinu 1993 fram á árið 2009, en kveðst frá þeim tíma ekkert hafa notað reikninginn. Stefnandi

kveður yfirdráttarheimild á reikningi stefnda hafa runnið út án þess að uppsöfnuð skuld á honum væri greidd. Reikningnum hafi verið lokað 31. júlí 2012. Þá hafi skuldin verið 2.617.626 krónur og hafi stefnda verið sent innheimtubréf 17. ágúst 2012. Innborgun 1. nóvember 2013, að fjárhæð 282.877 krónur, dragist frá skuldinni, en eftirstöðvar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Stefndi kveður Landsbankann hafa hafið tilraunir til innheimtu þeirrar kröfu sem mál þetta snýst um árið 2012. Stefndi leggur fram reikning frá stefnda til Sparisjóðsins í Keflavík og gögn um samskipti milli lögmanns stefnda og lögmanna bankans um gagnkröfu stefnda vegna vinnu fyrir Sparisjóðinn í Keflavík, sem hann vildi nota til skuldajafnaðar gegn dómkröfunni. Verkið hafi verið unnið í ágúst til nóvember 2009 og hafi stefndi sent Sparisjóðnum reikning sinn ásamt tímaskýrslu 1. febrúar 2010. Á reikningnum er þess óskað að fjárhæð hans, 2.494.800 krónur, leggist inn á bankareikning nr. 1784. Reikningur stefnda mun hafa verið ógreiddur 22. apríl 2010 þegar Fjármálaeftirlitið (FME) tók þá ákvörðun að ráðstafa eignum og skuldum Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs. Stefndi kveður gagnkröfunni ekki hafa verið mótmælt af hálfu stefnanda, sem telji hana þó ekki tæka til skuldajöfnunar. Um þetta snýst ágreiningur aðila málsins aðallega, en stefndi telur jafnframt hluta kröfu stefnanda fyrnda.

Stefndi gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi styðji kröfu sína við reglur samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga, vaxtakröfur við lög nr. 38/2001 og kröfu um málskostnað við lög um meðferð einkamála nr. 91/1991 og lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefndi hafi gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginheimtu. Því sé þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviaðvörun og milliinnheimtu.

Um aðild sína vísi stefnandi til ákvörðunar FME 22. apríl 2010 um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs og til ákvörðunar FME 5. mars 2011 um að NBI hf., nú stefnandi, tæki við rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs.

Málsástæður og lagarök stefnda

Rangt sé að reikningi stefnda hjá sparisjóðnum hafi verið lokað í lok júlí 2012. Sögu Sparisjóðsins í Keflavík hafi lokið 22. apríl 2010 þegar eignum Sparisjóðsins hafi verið ráðstafað til nýs aðila, Spkef sparisjóðs. Þar á meðal muni vera hin meinta krafa Sparisjóðsins í Keflavík á hendur stefnda. Í 13. tölulið ákvörðunar

FME þar um hafi framsal kröfuréttindanna verið með þeirri forsendu að skuldajöfnunarréttur skuldara gagnvart Sparisjóðnum eða þrotabúi hans skyldi haldast. FME hafi ákveðið 5. mars 2011 að Spkef sparisjóði skyldi slitið 7. mars 2011 og tæki NBI hf. við eignum og skuldum Spkef með samruna með yfirtöku.

Stefndi hafi engin viðskipti átt við Spkef sparisjóð eða NBI hf. á þeim reikningi sem sagt sé að hafi verið lokað 31. júlí 2012. Af gögnum málsins verði helst ráðið að þann dag hafi einhver innan Landsbanka Íslands talið tímabært að sækja kröfu á hendur stefnda og því tekið ákvörðun um að „loka“ reikningum þann dag og krefjast greiðslunnar. Án þess að stefndi geti um það fullyrt megi ætla að svokallaður höfuðstóll skuldarinnar standi saman af viðskiptafærslum frá árinu 2009 eða fyrr og svo vaxta- og kostnaðarfærslum Landsbankans á svokölluðum „lokunardegi“.

Í stefnu komi ekki fram hvaða úttektir myndi höfuðstól kröfunnar og þar komi hvorki fram hvaða heimild hafi verið á hlaupareikningnum né hvenær hún hafi runnið út. Sagt sé að 282.877 krónur hafi verið greiddar inn á skuldina á reikningnum 1. nóvember 2013, en þess sé ekki getið að það hafi ekki verið stefndi sem greitt hafi inn á reikninginn heldur stefnandi. Innborgunin hafi verið vegna skilvísra greiðslna húsnæðislána og hafi Landsbankinn tekið ákvörðun um að færa fjárhæðina inn á umræddan reikning án alls samráðs við stefnda. Engin gögn séu lögð fram af hálfu stefnanda um það hvernig stefnufjárhæðin sé fundin og hvergi sé skilið á milli þess sem sé raunverulegur höfuðstóll (úttektir eða lán) og hins sem séu vextir og/eða kostnaður. Krafa stefnanda um höfuðstól skuldarinnar sé því vanreifuð.

Sýknukrafa stefnda byggist á því að krafa stefnanda hafi þegar verið greidd með skuldajöfnuði. Stefndi hafi starfað hjá Sparisjóðabankanum fram á árið 2009 og hafi þáverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík fengið stefnda til þess að taka að sér að yfirfara viðskipti sem verið hefðu milli sparisjóðsins og Sparisjóðabankans. Sparisjóðsstjórinn hafi talið að Sparisjóðabankinn kynni að hafa ofkafið Sparisjóðinn um hundruð milljóna með afgreiðslu og uppgjöri á gjaldeyrisskiptasamningum og peningamarkaðslánum. Stefndi hafi unnið verkið í ágúst til nóvember 2009 og hafi hann sent Sparisjóðnum reikning ásamt tímaskýrslu 1. febrúar 2010. Reikningurinn hafi ekki verið greiddur og sé gagnkrafa stefnda á Sparisjóðinn í Keflavík vegna hans.

Árið 2012 hafi Landsbankinn hafið tilraun til innheimtu þeirrar kröfu sem mál þetta snúist um. Af því tilefni hafi lögmaður stefnda og lögmenn bankans átt í samskiptum. Undarlegt sé að stefnandi höfði mál til innheimtu kröfunnar án þess að

gera grein fyrir þessum samskiptum. Af hálfu bankans hafi gagnkröfunni ekki verið mótmælt en talið að hún væri ekki tæk til skuldajöfnunar. Í fyrsta svarbréfi bankans 18. september 2012 hafi því verið haldið fram að skilyrði skuldajöfnunar væru ekki uppfyllt þar sem stefndi hefði ekki lýst kröfu sinni í þrotabú Sparisjóðsins í Keflavík. Með bréfi dagsettu 9. október 2012 hafi stefndi rakið að réttur hans til skuldajöfnunar eigin kröfu gegn skuldinni við Sparisjóðinn sé óháður kröfulýsingu. Í bréfinu hafi því verið lýst yfir af hálfu stefnda að hann greiddi skuld sína á viðskiptareikningnum með kröfu sinni á hendur Sparisjóðnum. Í öðru svarbréfi bankans dagsettu 23. nóvember 2012 sé því enn haldið fram að kröfu stefnda megi ekki nota til skuldajöfnunar. Í þetta skiptið hafi verið byggt á því að stefndi hefði eignast kröfuna „eftir frestdag“ og því væri hún ekki tæk til skuldajöfnunar. Lögmaður stefnda hafi gert athugasemd við þessa túlkun bankans með tölvupósti dagsettu 29. nóvember 2012. Byggi stefndi á því að launa- eða endurgjaldskrafa hans á hendur Sparisjóðnum njóti skuldajöfnunarréttar gagnvart þrotabúinu og þar með kröfu stefnanda. Í þriðja svarbréfi bankans, dagsettu 18. desember 2012, hafi bankinn ítrekað sjónarmið sín og andmæli við því að skuldajöfnuður væri heimill. Í framhaldinu hafi lögmennt aðila átt samskipti um að eiga fund um málið ásamt fyrrum forsvarsmönnum Sparisjóðsins í Keflavík. Úr þeim fundi hafi ekki orðið og ekkert heyrst frekar frá Landsbankanum vegna málsins fyrr en með stefnu þessa máls.

Viðskiptum stefnda við Sparisjóðinn í Keflavík í gegnum reikning 1784 hafi lokið á árinu 2009 og hafi einhliða ákvörðun stefnanda um að tekjufæra reikninginn um 282.877 krónur síðar ekki verið viðskipti sem slitið geti fyrningu. Einhliða ákvarðanir Landsbankans um lokun reikningsins árið 2012 eða um færslu dráttarvaxta og kostnaðar á reikninginn skapi ekki slíkan rétt. Krafa um lækkun kröfunnar styðjist við það að krafa stefnanda hafi orðið gjaldkræf á árinu 2009 og sé sá hluti kröfunnar sem saman standi af vöxtum og/eða kostnaði því löngu fyrndur samkvæmt lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Krafa stefnda um málskostnað sé byggð á 130. gr. einkamálalaga.

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu á yfirdráttarskuld á bankareikningi stefnda. Óumdeilt er að stefndi átti reikninginn, notaði hann og tók út af honum fjármuni umfram innstæðu með heimild Sparisjóðsins í Keflavík.

Samkvæmt gögnum málsins hafði stefndi heimild til yfirdráttar reikningsins um tvær milljónir króna á tímabilinu frá 5. maí 2009 til 20. nóvember s.á. Eftir úttekt af reikningnum vegna greiðsluþjónustu 1. október 2009 var staðan á reikningnum

skuld að fjárhæð 1.999.992 krónur. Þá voru innborganir færðar á reikninginn 25. nóvember 2009, 24.598 krónur, 21. desember s.á., 12.500 krónur, auk innvaxta 686 krónur, og 22. desember s.á., 6000 krónur. Við árslok 2009 var staðan á reikningnum skuld að fjárhæð 2.041.632 krónur og 1. febrúar 2010 var skuldin á reikningnum 2.068.528 krónur. Til skuldar á reikninginn höfðu þá mánaðarlega frá og með október 2009 til og með janúar 2010 verið færðar vaxtanótur, vanskilakostnaður og þjónustugjöld vegna rafrænna reikningsyfirlita, auk fjármagnstekjuskatts í desember. Frá því að heimild stefnda til yfirdráttar rann út 20. nóvember 2009 höfðu samkvæmt reikningsyfirlitum verið skráðar tímabundnar heimildir til yfirdráttar. Kringum mánaðamót 27. nóvember 2009 til 1. desember s.á. var heimildin skráð að fjárhæð 2.030.000 krónur, frá 30. desember s.á. til 4. janúar 2010 var heimild skráð að fjárhæð 2.040.000 krónur og loks frá 28. janúar 2010 til 1. febrúar s.á. var heimild á reikningnum skráð að fjárhæð 2.045.000 krónur.

Síðastnefndan dag, 1. febrúar 2010, gerði stefndi Sparisjóðnum í Keflavík reikning vegna ráðgjafarvinnu í ágúst til nóvember 2009, að fjárhæð 2.494.800 krónur og óskaði eftir því að greiðsla reikningsins yrði lögð inn á umræddan bankareikning hans, sem þá stóð í skuld að fjárhæð 2.068.528 krónur sem fyrir segir. Greiðsla reikningsins var aldrei færð á bankareikninginn, en réttmæti reikningsins er ekki mótmælt af hálfu stefnanda. Stefnandi hefur á hinn bóginn hafnað því að krafa samkvæmt reikningnum sé tæk til skuldajafnaðar gegn kröfu stefnanda.

Reikningur stefnda hafði ekki verið greiddur þegar þeir atburðir urðu sem fyrir er lýst með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins, fyrst 22. apríl 2010, um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs, og svo 5. mars 2011, um að NBI hf., nú stefnandi, tæki við rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs. Vísar stefndi til þess að samkvæmt fyrrnefndu ákvörðuninni var framsal kröfuréttinda með þeirri forsendu að réttur skuldara til skuldajafnaðar gagnvart sparisjóðnum eða þrotabúi hans skyldi haldast. Greinir aðila á um hvort réttur til skuldajafnaðar hafi verið fyrir hendi.

Samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., um rétt þess sem skuldar þrotabúi til skuldajöfnunar eigin krafna, þarf lánardrottinn að hafa eignast kröfuna sem nota á til skuldajöfnunar áður en þrír mánuðir voru til frestdags. Þetta tímaskilyrði ákvæðisins er óundanþægt, en viðbótarskilyrði varðandi grandsemi kröfuhafa um stöðu þrotamanns eða að krafan sé fengin til að skuldajafna geta, ef þau eiga við, aðeins lengt tímann. Frestdagur við skipti þrotabús Sparisjóðsins í Keflavík var 25. maí 2009. Því verður fallist á það með

stefnanda að krafa stefnda á hendur þrotabúi sparisjóðsins samkvæmt reikningi hans, dags. 1. febrúar 2010, sé ekki tæk til skuldajöfnunar við kröfuna sem stefnandi krefst greiðslu á í máli þessu. Verður sýknukröfu stefnda vegna skuldajafnaðar því hafnað.

Krafa stefnda um lækun kröfunnar er á því byggð að hluti kröfunnar, sem saman standi af vöxtum og/eða kostnaði, sé fyrndur samkvæmt lögum nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Yfirdráttarlán stefnda hjá Sparisjóðnum í Keflavík var peningalán og vísaði lögmaður stefnanda til þess við málflutning að krafa sem byggðist á peningaláni fyrndist á tíu árum samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna. Í ákvæðinu segir að fyrningarfrestur þess gildi þó ekki um vexti og verðbætur og telur stefndi að 3. gr. laganna, um að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé fjögur ár, gildi því um hluta kröfunnar. Vextir voru lagðir við höfuðstól með skuldfærslum á reikning stefnda og myndaðist þannig nýr höfuðstóll mánaðarlega. Stefnandi vísaði um þessa framkvæmd við málflutning til heimildar í 12. gr. laga nr. 38/2001 og til almennra skilmála um yfirdráttarlán.

Í dómaframkvæmd hefur samfelld notkun reiknings ásamt móttöku reikningsyfirlita án athugasemda verið talin jafngilda því að lánessamningur hafi komist á, þar með talið um breytingar á fjárhæð heimildar og skilmála yfirdráttar, m.a. um það hvernig vextir leggist við höfuðstól, þrátt fyrir að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um þessi atriði, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr., 605/2012, 533/2014 og 598/2015. Stefndi heldur því fram að sú hækkun á yfirdráttarheimild sem færð var á reikningsyfirlit á reikningi hans eftir því sem skuldin hækkaði vegna færslna á vöxtum og kostnaði hafi verið ákveðin án alls samráðs við hann. Ekki standa þó efni til annars en að telja að þær færslur á bankareikning stefnda og fyrrgreindar tímabundnar hækkanir á yfirdráttarheimild yfir mánaðamót, frá því að umsamin heimild stefnda rann út 20. nóvember 2009 þar til hann framvísaði reikningi sínum 1. febrúar 2010, hafi verið byggðar á samningi stefnda og Sparisjóðsins.

Á hinn bóginn notaði stefndi reikning sinn ekki eftir 1. febrúar 2010, en þann dag óskaði hann eftir því að reikningsskuld Sparisjóðsins við hann yrði lögð inn á bankareikninginn. Stefndi hafði þá réttmætar væntingar til þess að hann hefði þannig gert upp skuldina sem hann hafði stofnað til og samið um við Sparisjóðinn í Keflavík og að lánessamningi hans um yfirdrátt lyki þar með. Með kröfu sinni um innborgun á bankareikninginn 1. febrúar 2010 lýsti stefndi yfir skuldajöfnuði við kröfu vegna yfirdráttarins, en frestdagur við búskipti Sparisjóðsins í Keflavík var ekki fyrr en síðar ákveðinn 25. maí 2009. Færslur á reikninginn til úttekta eftir 1.

febrúar 2010 eru vaxtafærslur og kostnaður. Eins og á stóð verður ekki fallist á að þeir yfirdráttarvextir sem reiknaðir voru á skuld stefnda eftir 1. febrúar 2010 hafi orðið hluti af lánessamningi um peningalán með þeim afleiðingum að um þá vexti eigi við tíu ára fyrningarfrestur peningalána samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007.

Rafræn yfirlit um stöðu reikningsins munu hafa verið aðgengileg í heimabanka stefnda, a.m.k. þar til honum var lokað, og í þeim kemur fram að verði ekki gerðar athugasemdir innan 20 daga teljist reikningurinn réttur. Þótt ganga verði út frá því að stefndi hafi þannig haft aðgang að upplýsingum um það hversu uppgjörð dróst eru ekki efni til að draga í efa framburð hans um að hann hafi þá talið skuld sína uppgerða með framangreindum hætti. Engin gögn liggja fyrir um að haft hafi verið samband við stefnda sérstaklega vegna kröfunnar, hvorki af hálfu Sparisjóðsins í Keflavík, Spkef sparisjóðs, né stefnanda, fyrr en með innheimtuviðvörun stefnanda í ársbyrjun 2012.

Stefndi leitaði af þessu tilefni til lögmanns á árinu 2012, og sendi hann stefnanda bréf 2. júlí 2012. Því var svarað var með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 18. september s.á. þar sem bent var á að lýsa hefði þurft kröfunni við búskiptin. Með bréfi 9. október s.á. óskaði lögmaður stefnda frekari skýringa, benti á að kröfur til skuldajafnaðar á hendur þrotabúi eru ekki háðar kröfulýsingu og ítrekaði yfirlýsingu um skuldajöfnuð. Var því bréfi svarað með bréfi lögmanns stefnanda 23. nóvember s.á., þar sem talið var að réttur til skuldajafnaðar væri ekki fyrir hendi. Að fengnum tölvupósti frá lögmanni stefnda, dags. 29. nóvember s.á., var í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 18. desember 2012, tekið fram að yfirdráttarskuldin hefði færst yfir til Landsbankans í Keflavík en krafa stefnda á hendur Sparisjóðnum í Keflavík hefði ekki flust yfir. Kröfu stefnda um skuldajöfnuð var hafnað með vísun til fyrrnefnds ákvæðis 100. gr. laga nr. 21/1991, þar sem krafa hans á hendur Sparisjóðnum í Keflavík hafi orðið til eftir frestdag.

Krafa stefnanda um yfirdráttarvexti frá lokunardegi reiknings, 31. júlí 2012, til 17. september s.á., er engum rökum studd og er val á dagsetningu lokunar reikningsins ekki rökstutt í málatilbúnaði stefnanda. Krafa um dráttarvexti frá 17. september 2012 til greiðsludags af 2.617.626 krónum, sem var skráð staða við lokun reiknings, styðst við það að stefnandi sendi stefnda innheimtubríf 17. ágúst s.á. Lokun reiknings og sending innheimtubrúfs hafa hér engar lögfylgjur, enda áttu lögmennt aðila í bréflegum samskiptum um grundvöll kröfunnar á sama tíma. Þeim lauk með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 18. desember 2012, og verður miðað við að þann dag hafi stefndi verið krafinn um greiðslu skuldarinnar.

Skuld stefnda samkvæmt samningi hans við Sparisjóð Keflavíkur, sem var að höfuðstól 2.068.528 krónur 1. febrúar 2010, ber stefnda að greiða stefnanda. Rétt er að sú skuld beri almenna vexti frá þeim degi. Fyrningartími vaxta er fjögur ár og er því fallist á það með stefnda að fyrndir séu vextir frá 1. febrúar 2010 til 12. mars 2012, fjórum árum áður en fyrningu var slitið með höfðun þessa máls, sbr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007. Frá 12. mars 2012 reiknast því vextir á skuldina samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 þar til einum mánuði eftir að stefndi var krafinn um greiðslu skuldarinnar, þ.e. 18. janúar 2013, en frá þeim degi ber skuldin dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags. Frá skuldinni dregst innborgun, sem stafar frá stefnanda og er óumdeild, á 282.877 krónum þann 1. nóvember 2013.

Eftir atvikum, með hliðsjón af stöðu aðila og með vísun til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, verður málskostnaður felldur niður.

Dóminn kveður upp Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, A greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 2.068.528 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. mars 2012 til 18. janúar 2013, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags, að frádreginni innborgun á 282.877 krónum þann 1. nóvember 2013.

Málskostnaður fellur niður.

Kristrún Kristinsdóttir